

Skýrsla gæðaráðs og umbótaáætlun



Júní 2026

| | |
|---|-----------|
| Inngangur | 3 |
| Starfsáætlun um innra mat | 4 |
| Niðurstöður mats | 6 |
| Stjórnun og fagleg forysta | 7 |
| Nám og kennsla | 9 |
| Innra mat | 10 |
| Heildarniðurstaða innra mats - myndræn | 11 |
| Umbótaáætlun skólaársins 2026-2027 | 12 |

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2025-2026 í Síðuskóla.

1. Helstu matsþættir
 - Nám og kennsla
 - Metið á hverju skólaári að hluta.
 - Stjórnun, mat á stjórnun og faglegri forystu
 - Innra mat, unnið að umbótum er varða innra mat á skólaárinu 2025-2026
 - Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Gæðaráð Síðuskóla skipa Ólöf Inga Andrésdóttir, skólastjóri, Anna María Þórhallsdóttir, deildarstjóri, Helga Lyngdal, deildarstjóri, Ingibjörg Guðmundsdóttir kennari, Rannveig Heimisdóttir kennari og Örvar Ágústsson kennari.

Starfsáætlun um innra mat

Í Síðuskóla er litið á innra mat sem hornstein gæðastarfs í Síðuskóla og það nota sem markvisst tæki til umbóta. Akureyrarbær hefur sett upp viðmið um árangur og gæði í skólastarfi ásamt því sem skólinn setur sér eigin viðmið ef vill. Unnið er samkvæmt langtímaáætlun um mat á starfsemi í Síðuskóla í samræmi við nýja Menntastefnu Akureyrarbæjar, áætlunina er að finna [hér](#). Í gæðaráði skólans sitja skólastjóri, tveir deildarstjórar og þrír kennarar. Gæðaráð hittist vikulega og vann eftir starfsáætlun sem unnin er út frá langtímaáætlun skólans. Starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið 2025-2026 er að finna [hér](#). Gæðaráð vann að eftirfylgd umbótaáætlunar fyrir skólaárið 2025-2026 sem gerð var á grunni innra mats fyrir skólaárið 2024-2025.

Unnið var kerfisbundið að því að rýna í gögn, s.s. lesfimi, Skólapúlsinn, starfsmannakannanir og gæðaviðmið Akureyrarbæjar. Sérstök áhersla var lögð á undirbúning rýnihópaviðtala við nemendur um viðmót og menningu vorið 2026 og úrvinnslu ytra áhorfs á kennslu.

Helstu verkefni skólaársins 2025-2026 voru sett upp með hliðsjón af niðurstöðum frá fyrra ári:

Stjórnun og fagleg forysta:

- Efla samskipti og faglegt samstarf stjórnenda og starfsfólks
- Áframhaldandi vinna að efla teymisvinnu og tryggja að starfsfólk taki virkan þátt í að móta starf og stefnu skólans. Efla teymisvinnu enn frekar og starfsfólk taki þátt í mótun starfs og stefnu skólans
- Unnið var að því að bæta líðan starfsfólks og finna nýjar leiðir til að efla stuðning og samskipti á vinnustaðnum
- Kynna áherslur skólans fyrir skólasamfélaginu
- Sett var áætlun um markviss innlit stjórnenda í kennslustundir með formlegri og óformlegri endurgjöf til teyma

Nám og kennsla:

- Unnið var að heildarstefnu um námsmat þar sem áhersla er á fjölbreytni, uppbyggilega endurgjöf og að námsmarkmið séu sýnileg nemendum
- Megináhersla var á að innleiða nýja aðalnámskrá, nota ný hæfni- og matsviðmið
- Áframhaldandi efling teymisvinnu
- Áframhaldandi innleiðing á starfsháttum leiðsagnarnáms með það markmið að efla trú nemenda á eigin getu, þátttöku og ábyrgð
- Að tekið sé tillit til mismunandi þarfa nemenda og þeir hafi val um mismunandi leiðir að markmiðum
- Koma á kerfisbundnu mati á gæðum náms, meðal annars með ytra áhorfi og innliti í kennslustundir til að fylgjast með kennsluháttum.
- Auka lýðræðislega aðkomu nemenda að skólastarfi
- Auka áhuga nemenda á náttúrufræði
- Að hugmyndafræði Réttindaskóla UNICEF og umhverfisstefna skólans (Grænfáninn) séu samofin daglegu námi og kennslu.

Innra mat:

- Meginmarkmið var að festa í sessi vinnulag gæðaráðs, funda reglulega og fylgja starfsáætlun
- Gæðaráð skipuleggur umbætur í samstarfi við starfsfólk og gerir umbótaáætlun út frá mati í samræmi við Menntastefnu Akureyrarbæjar. Tekið verður mið af umbótaáætlun gerðri að vori og þeim fylgt eftir á kerfisbundinn hátt
- Þróa áfram markvissa úrvinnslu gagna og kynna niðurstöður innra mats betur fyrir starfsfólki

Niðurstöður mats

Niðurstöður taka mið af ársáætlun fyrir skólaárið 2025-2026 ásamt umbótaáætlun og eru niðurstöðurnar lagðar fram í eftirfarandi þáttum:

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Nám og kennsla
3. Innra mat.

Í hverjum þætti er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá viðmiðum skólans. Farið yfir niðurstöður út frá matsgögnum og tillögur að umbótum lagðar á fram. Gæðaráð fór yfir þau gögn sem lágu til grundvallar á fundum sínum og bar saman við viðmið.

Hér má sjá hvernig niðurstöður eru flokkaðar út frá þeim sem gögnum sem liggja fyrir.

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun og fagleg forysta var metin skv. gæðaviðmiðum Akureyrarbæjar. Farið var yfir heildarviðmið og metnir þættir sem teknir verða í umbótaáætlun næsta skólaárs. Gögn sem nýtt voru auk viðmiða Akureyrarbæjar um stjórnun og faglega forystu eru niðurstöður starfsmannakönnunar Akureyrarbæjar og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Niðurstaða matsins er sú að þrír þættir af sjö bera skýr merki um gæðastarf í skólum, hinir fjórir teljast vera ljósgrænir þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar.

| Stjórnun og fagleg forysta | |
|---|---|
| Faglegt samstarf og samræða | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir |
| Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag | Starfsmanna stjórnun og verkaskipting |
| Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu | Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna |
| Umbætur og innleiðingar breytinga | |

Umbætur næsta skólaárs:

1. Faglegt samstarf og samræða

- Dýpka faglega samræðu
- Formleg og óformleg innlit stjórnenda
- Efla endurgjöf stjórnenda til kennarateyma
- Reglubundnir fundir stjórnenda með teymum
- Nýta niðurstöður úr áhorfsskýrslu haustsins 2025 sem grundvöll fyrir áframhaldandi samstarf milli kennara og stjórnenda um gæði kennslu

2. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

- Skilgreina hlutverk kennara og stuðningsfulltrúa betur til að hámarka nýtingu mannauðs
- Fjölga stigsfundum og gefa tækifæri til að rýna í kennsluna og skoða stuðningsefni

3. Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag

- Sampætta áherslur Barnasáttmálans og grunnþætti menntunar enn skýrar inn í langtíma kennsluáætlanir þannig að þau séu sýnileg í daglegu námi
- Kynna niðurstöður innra mats og framvindu umbótaáætlunar reglulega á starfsmannafundum til að tryggja að allir vinna að sömu markmiðum

4. Starfsmannastjórnun og verkaskipting

- Tryggja að ábyrgð á eftirfylgni sértækra umbótaverkefna (t.d. í læsi) sé skýrt afmörkuð og skilgreind

5. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

- Vinna að því að gera markmið náms og viðmið um árangur enn sýnilegri og aðgengilegri foreldrum á heimasíðu og í námsumsjónarkerfi (Mentor)

6. Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

- Leggja áherslu á markvissa hvatningu og hrós frá stjórnendum til starfsfólks þar sem sá þáttur mældist lægri en aðrir þættir stjórnunar

7. Umbætur og innleiðingar breytinga

- Uppbyggileg miðlun leiðbeininga. Bæta hvernig leiðbeiningum og gagnrýni er miðlað til starfsfólks á uppbyggilegan hátt
- Bregðast við röddum nemenda. Innleiða tillögur frá rýnihópum nemenda um bættu hljóðvist í matsal og umgengni í skólanum

Nám og kennsla

Nám og kennsla metin skv. gæðaviðmiðum Akureyrarbæjar. Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru m.a. fundargerðir, niðurstöður spurningalista, fundir stjórnenda með teyllum, samtöl í kjölfar vettvangsheimsókna, ytra mat frá Fræðslu- og lýðheilsusviði, skýrsla um Byrjendalæsi, niðurstöður Skólapúlsins og niðurstöður starfsþróunarsamtala. Niðurstöður eru á þann veg að einn þáttur af sex er grænn þar sem flestir þættir eru sterkir og fimm þættir eru ljósgrænir þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar.

| Nám og kennsla | |
|-------------------|--------------------|
| Inntak og námskrá | Skipulag náms |
| Árangur náms | Námssvitund |
| Gæði kennslu | Ábyrgð og þátttaka |

Umbætur næsta skólaárs:

- Innleiðing nýrrar aðalnámskrár, klára útfærslu á notkun hæfniviðmiða og matsviðmiða úr nýrri námskrá skólaárið 2026-2027
- Vinna við námsáætlanir. Markviss vinna við kennsluáætlanir út frá nýjum viðmiðum og gera námsmarkmið og viðmið um árangur sýnilegri.
- Áframhaldandi innleiðing leiðsagnarnáms. Áhersla á að vinna með námsmarkmið í kennsluáætlunum og kennslustundum og veita nemendum endurgjöf
- Bæta sjálfsmynd og þrautseigju nemenda. Nýta aðferðir leiðsagnarnáms til að efla trú nemenda á eigin getu og styrkja seiglu í námi
- Vitsmunaleg áskorun og áhugasvið. Auka dýpt í verkefnum með því að nota raunhæf viðfangsefni og opnar spurningar sem krefjast rökræðu. Styrkja samræður og samvinnu í námi
- Tryggja að námsaðlögun eigi sér stað þar sem við á
- Halda áfram að glæða áhuga á náttúrufræði og skoða sérstaklega hvernig hægt er að efla áhuga á lestri á mið- og elsta stigi

Innra mat

Í vinnu gæðaráðs að innra mati var unnið skv. gæðaviðmiðum Akureyrarbæjar um innra mat.

Meginmarkmið á skólaárinu var að festa í sessi starfshætti gæðaráðs og funda reglulega, útbúa langtíma- og skammtíma matsáætlun og birta á heimasíðu. Vinna innra mats skýrslu sem inniheldur umbótaáætlun.

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið skólans voru viðmið um nám, niðurstöður spurningalista, fundargerðir og niðurstöður starfspróunarsamtala.

Niðurstaða gefur til kynna að fleiri styrkleikar séu til staðar en veikleikar. Verklag er að mestu leyti gott og flestir verkþættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

| |
|------------------|
| Innra mat |
| Skipulag |
| Framkvæmd |
| Umbætur |

Umbætur næsta skólaárs:

- Markviss miðlun niðurstaðna. Kynna niðurstöður innra mats og framvindu umbótaáætlunar reglulega á starfsmannafundum til að tryggja að allir starfsmenn stefni í sömu átt og þekki gildi matsins
- Eftirfylgni með röddum nemenda. Innleiða og fylgja eftir þeim sértæku tillögum sem komu fram í rýnihópum vorið 2026
- Dýpkun gagnaúrvinnslu. Halda áfram þróun á markvissu mati með því að samtvinna niðurstöður áhorfs í kennslustundum við niðurstöður Skólapúlsins til að efla gæði náms og vitsmunalega áskorun
- Kynning og umræða með starfsfólki um starf gæðaráðs og gildi innra mats

Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

| Stjórnun og fagleg forysta | | Nám og kennsla | | Innra mat |
|---|---|-------------------|--------------------|-----------|
| Faglegt samstarf og samræða | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir | Inntak og námskrá | Skipulag náms | Skipulag |
| Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag | Starfsmanna stjórnun og verkaskipting | Árangur náms | Námssvitund | Framkvæmd |
| Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu | Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna | Gæði kennslu | Ábyrgð og þátttaka | Umbætur |
| Umbætur og innleiðingar breytinga | | | | |

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan er að í rúmlega 37% matsþátta (6/16) eru grænir sem þýðir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, meiri styrkleikar en veikleikar. Tæplega 63% matsþátta (10/16) eru metnir ljósgrænir sem tákna gott verklag og meiri styrkleika en veikleika.

Umbótaáætlun næsta skólaárs tekur mið af þessum niðurstöðum.

Umbótaáætlun skólaársins 2026-2027

*Módel byggt á módeli Reykjavíkurborgar

| Stjórnun og fagleg forysta | | | | | | | |
|--------------------------------|--|---|-------------|-----------------------|---------------------------|---|--|
| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
| Sýnileiki stefnu í námi | Tryggja að áherslur nýrrar menntastefnu, umhverfisstefnu og Barnasáttmálans séu sýnilegar í öllum kennsluáætlunum. | Klára vinnu við langtímaáætlanir og birta á heimasíðu. Innleiða kennsluáætlanir og nota við skipulag kennslu og námsmats. | Stjórnendur | Er nú þegar í vinnslu | Vor 2027, í vinnslu áfram | Sjálfsmat teyma og stjórnenda | Kennsluáætlanir birtar og notaðar við kennslu. |
| Innlit stjórnenda | Auka sýnileika stjórnenda, með formlegum og óformlegum innlitum. Regluleg samtöl við teymi. | Heimsóknir og innlit. Veita uppbyggilega endurgjöf í kjölfar vettvangsathugana. | Stjórnendur | Ágúst 2026 | Júní 2027 | Stjórnendur/starfsfólk í teyllum. Starfsmannakönnun Starfsþróunarsamtöl | Að heimsóknir og innlit verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu og markviss leið til að bæta starfshætti. Að í skólanum séu jákvæð samskipti og starfsfólki líði vel og sé ánægt í starfi. Að 90% starfsmanna séu ánægðir eða mjög ánægðir. |

| | | | | | | | |
|---|---|--|---------------------|------------|-----------------------------|---------------------------------------|---|
| Faglegt samstarf og fagmennska starfsfólks | Viðhalda teymisvinnu og samtvinnu hana innleiðingu leiðsagnarnáms. | Leiðtogar í teyllum fundum með fulltrúa MSHA, þar sem lögð er áhersla á að byggja upp öflug teymi þar sem unnið er markvisst að innleiðingu leiðsagnarnáms. | Stjórnendur | Haust 2026 | Júní 2027, í vinnslu áfram. | Sjálfsmat teyma og stjórnenda | Að teymiskennsla sé viðhöfð þar sem teymi bera sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu. 90% árangur skv. gæðaviðmiðum Ak. bæjar um nám og kennslu (skipulag náms). |
| Fagleg endurgjöf | Efla markvissa hvatningu og hrós til starfsfólks. | Nýta niðurstöður úr áhorfsskýrslu og kerfisbundnum innlitum stjórnenda til að eiga dýpri samræður við teymi um gæði kennslu og vitsmunalega áskorun. Stjórnendur hrósi starfsfólki oftast fyrir sérstök verkefni og árangur. | Stjórnendur | Haust 2026 | Vor 2027, í vinnslu áfram | Starfsmannakönnun Starfspróunarsamtöl | Að niðurstöður starfsmannakönnunar sýni að 90% starfsmanna séu ánægðir eða mjög ánægðir. |
| Starfsánægja og líðan | Vinna að bættri líðan starfsfólks, finna leiðir til betri samskipta og efla samstarf. | Efla faglegt samráð stjórnenda og starfsfólks. Fundir stjórnenda með teyllum. Starfspróunarsamtöl. | Stjórnendur Gæðaráð | Ágúst 2026 | Júní 2027 | Starfsmannakönnun | Að í skólanum séu jákvæð samskipti og starfsfólki líði vel og sé ánægt í starfi. Að 90% starfsmanna séu ánægðir eða mjög ánægðir. |

Nám og kennsla

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---------------------------------|---|--|-------------|------------|----------------------------|-------------------------|--|
| Samstarf um kennsluhætti | Efla samræður um kennsluhætti (t.d. Byrjendalæsisfundi) þar sem rýnt er í ólíka þætti kennslunnar og stuðningsefni. | Hafa reglulega fundi á hverju stigi fyrir sig þar sem gefinn er tími til skipulags og faglegra umræðna. | Stjórnendur | Haust 2026 | Júní 2027, í vinnslu áfram | Stjórnendur og teymi | 90% árangur skv. gæðaviðmiðum Ak. bæjar um nám og kennslu (skipulag náms). |
| Innleiðing námsmats | Uppfæra námsmat í samræmi við birtingu námsmats í grunnskólum Ak.bæjar. | Uppfæra hvernig námsmat er birt og kynna starfsfólki og foreldrum. Uppfæra í námsumsjónarkerfi (Mentor). | Stjórnendur | Haust 2026 | Júní 2027 | Stjórnendur | Að birting námsmats sé í samræmi við stefnu Ak.bæjar. |

| | | | | | | | |
|--|--|---|----------------------------|------------|---------------------------------|--|---|
| Ársáætlun og kennslu-áætlanir | Endurskoðun ársáætlana og kennsluáætlana í samræmi við ný hæfniviðmið aðalnámskrár. Skipuleggja námslotur í hverjum árgangi, velja greinar til að byrja á. | Fjölga reglulegum fundum á hverju stigi. Vinna við kennsluáætlanir og innleiðingu aðalnámskrár. | Stjórnendur og kennarar | Haust 2026 | Vor 2027 | Ársáætlanir, kennsluáætlanir og námslotur yfirfarnar. Vinnufundir. | Ársáætlanir og kennsluáætlanir séu til, birtar á heimasíðu og uppfylli gæðaviðmið um nám og kennslu. |
| Skipulag náms og námsaðlögun | Vinnufundir kennara og stoðþjónustuteymis um námsaðlögun og einstaklingsnámskrár. | Stjórnendur og verkefnastjóri stoðþjónustu. | Kennarar Stoðþjónustuteymi | Haust 2026 | Vor 2026 | Starfsþróunarsamtöl Samtöl við teymi | Að verkefni séu einstaklingsmiðuð og hlutverk kennara og stuðningsfulltrúa skýrar. Aukin virkni, líðan og ánægja nemenda. |
| Hlutverka-skipting í kennslustofu | Skilgreina betur hlutverk kennara og stuðningsfulltrúa inni í skólastofunni til að tryggja að allir nemendur fái þá aðstoð sem þeir þurfa. | Efla faglegt samráð og teymisvinna, fara yfir hlutverk og ábyrgð hvers og eins í teymi. | Stjórnendur Kennarar | Ágúst 2026 | Júní 2027 | Starfsmannakönnun Starfsþróunarsamtöl | Að í skólanum séu jákvæð samskipti og starfsfólki líði vel og sé ánægt í starfi. Að 90% starfsmanna séu ánægðir eða mjög ánægðir. |
| Skipulag náttúrufræðikennslu | Vinna áfram að því að efla áhuga nemenda gagnvart náttúrufræði. | Starfshættir áfram í þróun. Náttúrufræðikennari vinnur með kennurum á miðstigi. | Kennarar Stjórnendur | Ágúst 2026 | Metið vor 2027, í vinnslu áfram | Skólalámsinn Samtöl við teymi Rýnihópar nemenda | Að við náum landsmeðaltali í viðhorfi til náttúrufræðikennslu í Skólalámsinum. |

| | | | | | | | |
|---------------------------------|---|---|----------------------|------------|---------------------------------|--|---|
| Gæði kennslu | Leiðsagnarnám í verki. Auka vitsmunalega dýpt og áskorun. | Nota raunhæf viðfangsefni og opnar spurningar sem krefjast rökræðu og dýpri úrvinnslu. | Kennarar og teymi | Ágúst 2026 | Vor 2027, í vinnslu áfram | Sjálfsmat kennara og teyma | Niðurstöður næsta áhorfs sýni aukna dýpt í verkefnum. |
| Velferð og líðan nemenda | Vinna áfram að bættri líðan nemenda m.a. með því að efla sjálfsmynd og þrautseigju. | Með innleiðingu starfshátta leiðsagnarnáms ásamt því að halda áfram að efla fjölbreytta kennsluhætti m.a. með því að leggja áherslu á samþættingu námsgreina, vinna með áhugasvið nemenda, efla samvinnu og val við úrlausnir verkefna. | Kennarar Stjórnendur | ágúst 2026 | Metið vor 2027, í vinnslu áfram | Skólapúlsinn Líðankannanir Forvarnarþríhyrningar | Að mælitala fyrir þrautseigju og námsgetu hækki í Skólapúlsi og nái landsmeðaltali. |
| Ábyrgð og skipulag náms | Að nemendur taki í auknum mæli þátt í að setja sér markmið í námi og séu meðvitaðir um námsmarkmið. | Innleiða og styrkja starfshætti leiðsagnarnáms með fræðslu og markvissri innleiðingu. Nýta kennsluáætlanir til að ræða námsmarkmið og námsmat við nemendur. | Kennarar Stjórnendur | ágúst 2026 | Metið vor 2027, í vinnslu áfram | Sjálfsmat | Að koma á verklagi sem uppfyllir viðmið um gæðastarf í námi og kennslu. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu. |

Innra mat

| Skipulag | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-------------------------------|---|---|---------|------------|----------------------------|------------------------------------|--|
| Miðlun og kynning | Betri miðlun niðurstaðna. Tryggja þarf að allt starfsfólk þekki stöðuna og taki þátt í umbótum. | Kynna niðurstöður innra mats og framvindu umbótaáætlunar reglulega á starfsmannafundum. | Gæðaráð | Haust 2026 | Vor 2027 | Starfsmannafundir Kennarafundir | Starfsmenn þekki gildi innra matsins og hlutverk sitt í umbótum. |
| Umbætur og eftirfylgni | Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir. | Skýrir verkferlar til að bregðast við niðurstöðum og fylgja umbótaáætlun eftir. | Gæðaráð | Haust 2026 | Vor 2027, í vinnslu áfram. | Metið með gátlista. | Að verkferlar séu það skýrir að hægt sé að fylgja þeim eftir og hlutverk hvers og eins sé skýrt. |